



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Maríuborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Leikur – Samskipti - Námsgleði.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
3 Innra mat deilda	8
3.1 Þúfa	8
3.2 Laut.....	10
3.3 Lundur	11
3.4 Brekka.....	13
3.5 Maríustofa	15
4 Innra mat sérkennslu.....	17
5 Innra mat – fjöltyngd börn	18
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	19
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	21
8 Foreldrasamvinna.....	22
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
10 Fylgigögn.....	23
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	23
10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2022 - 2023	23



Leiðarljós leikskólans: Leikur – Samskipti - Námsgleði

Einkunnarorðin okkar og megingildi, leikur, samskipti, námsgleði móta hugmyndafræði okkar. Allt sem við gerum er til þess hugsað að efla og örva leik barnanna, styðja við og kenna jákvæð samskipti og stuðla að námsgleði, forvitni og fróðleiksfýsni. Hugmyndafræði okkar og einkunnarorð styðjast við kenningar John Dewey, Howard Gardner, William Damon og Daniel Goleman. Nánar má lesa um hugmyndafræði okkar í Námskrá Maríuborgar sem kom út 14. nóvember 2015.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Þetta starfsár hefur verið á köflum erfitt og krefjandi vegna utanaðkomandi aðstæðna. Tímabilið fyrir áramót einkenndist af takmörkunum og foreldrar höfðu takmarkaðan aðgang að leikskólarýminu. Eftir áramót og fram í mars/apríl tók við veikindatímabil þar sem stór hluti starfsmanna og barna voru frá skólastarfi sem óneitanlega raskaði starfsemi okkar töluvert. Nokkrir starfsmenn dattu út í langtímaveikindi þetta skólaár og illa gekk að ráða inn starfsmenn í þær stöður. Með hækkandi sól náðum við tökum á ástandinu og með góðri samvinnu í starfsmannahópnum tókum við þátt í að setja upp skemmtilega sýningu í Dalskóla á vegum Barnamenningarhátíðar og enduðum vetrarstarfið með glæsilegu Opnu húsi í leikskólanum þann 6. maí þar sem við loksins gátum boðið foreldrum og öðrum gestum barnanna að koma og fagna með okkur og skoða verk barna sinna.

Við náðum mörgum af þeim markmiðum sem við settum okkur fyrir þetta skólaár en ljóst er að við munum vinna áfram með þau markmið sem ekki náðust. Starfið með lífsleikni og jóga færðist inn á deildir vegna veikinda og við þurftum að aðlaga margt og breyta vegna ytri aðstæðna.

Áfram er unnið að innleiðingu nýrrar Menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 „Látum draumana rætast“. Við tókum þátt í verkefninu „Orð eru til alls fyrst“ með öllum leik- og grunnskólum hverfisins en ljóst er að ekki tókst að vinna að öllum þeim markmiðum sem höfðu verið sett þar þennan vetur. Við munum halda áfram að vinna með verkefni sem við byrjuðum með síðasta vetur og sóttum um styrk fyrir úr A-hluta sjóðsins aftur. Þetta verkefni gengur út á það að efla málörvun og læsi og gera það efni sem við eigum aðgengilegra fyrir kennara skólans með því að útbúa verkefnapoka sem að kennarar geta gripið með sér inn í daglegt starf, hópastarf og skipulagðar stundir. Við áætluðum að nýta næsta starfsár til að bæta í safnið af verkefnapokum.

Vinna með Blæ og Lubba mun halda áfram, vel tókst til í þessari vinnu síðasta skólaár og markvisst verður haldið áfram að vinna að þessum þáttum með gleði og áhuga barnanna að leiðarljósi. Við fórum í heimsókn norður á Akureyri í byrjun júní 2022 og fengum þar góða fræðslu t.d. um læsi þar sem við fengum ýmsar hugmyndir sem við viljum skoða betur og útfæra þannig að þær henti starfinu okkar. Við stefnum á að efla faglega starfið okkar og fara yfir markmið og stefnur í starfinu og endurmeta.

Niðurstöður starfsmannakönnunar voru í heildina góðar en þar kom þó í ljós að álag í starfi hefur verið mikið og við þurfum að gefa því gaum. Eins þurfum við að finna leiðir til að hrista hópinn saman eftir erfiðan vetur. Það kom í ljós í starfsþróunarsamtölum að starfsánægja er mikil og samstarfið er gott en við þurfum að hlúa að því og viðhalda.



Við horfum til næsta skólaárs með spenningi og gleði. Leikskólinn Maríuborg verður 20 ára þann 14. nóvember 2022. Við munum byrja að skipuleggja veglega afmælishátíð þegar við snúum aftur úr sumarfríi. Meðal þess sem við stefnum að er að blása lífi í umhverfismenntina í leikskólanum og sækja um 5. grænfánann fyrir leikskólann með ósk um að fá hann afhentan á 20 ára afmælisdegi leikskólans.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Matsfundur allra starfsmanna var haldinn þann 18. febrúar 2022. Fundurinn hefur fest sig í sessi sem stærsti vettvangur innra mats og umbóta í Maríuborg og er ætíð með sama sniðið. Hver og einn starfsmaður fyllir út sérstakt matsblað þar sem hann gefur leikskólanum og starfinu tvær stjörnur fyrir atriði sem hann metur að gangi vel og sé leikskólanum til sérstaks sóma en einnig tvö laufblöð fyrir atriði sem hann vill leggja meiri rækt við og bæta. Á fundinum sjálfum lesa allir sínar niðurstöður og ritari fundarins skráir þær niður. Að fundinum loknum taka stjórnendur saman niðurstöður matsins, flokka laufblöðin og undirbúa hópavinnu þar sem starfsmenn vinna að umbótum í takt við laufblöðin sem hlúa þarf að. Þessi vinna var unnin seinni part sama dags og sett fram sem umbótaáætlun.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfið í heild í leikskólanum	Laufblöð og stjörnur á matsfundi	Allir starfsmenn	Niðurstöður mats eru settar upp í umbótaáætlun fyrir leikskólann. Sjá nánar seinna í áætluninni.

Ytra mat

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í dagana 21. febrúar til 21. mars 2022. Hún var framkvæmd af Skóla- og frístundasviði. Starfsmönnum var sendur tengill í tölvupósti á könnunina sem var rafræn. Svarhlutfall var 50% sem er hærra en í síðustu könnun en þátttaka mætti vera mun betri. Meðaltal allra þátta var örlítið lægra heldur en í síðustu könnun. Það voru tveir þættir sem skoruðu mjög lágt í þessari könnun sem að vissu leiti kemur ekki á óvart. Þessir þættir voru „Covid 19“ þar sem



meðalskorið var 2,27 af 5 mögulegum og „Hæfilegt vinnuálag“ þar sem meðalskorið var 2,55 núna en 3,85 í könnun frá 2021. Tvo þætti þessarar könnunar þurfum við að hafa í huga en það eru „Líðan – Álag“ sem hefur meðalskor 3,46 og „Betri vinnutími“ sem skorar 3,68. Aðrir þættir könnunarinnar komu mjög vel út.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun	Rafræn könnun lög fyrir alla starfsmenn	Starfsmenn	Starfsmannakönnun kom mjög vel út að mestu leiti. Gæta þarf að þáttunum „Betri vinnutími“ og „Líðan – Álag“ auk þess að huga vel að þáttunum „Hæfilegt vinnuálag“ og „Covid 19“



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Foreldraráð	Vera með virkari vinnu með foreldraráði	Funda með foreldraráði a.m.k. einu sinni á hverri önn	Leikskólastjóri	Sept 2022	Júní 2023	Matsfundur 2023	Fundir haldnir, einn á hvorri önn
Foreldrafélag	Virkja foreldrafélagið aftur eftir Covid	Fá foreldra í foreldrafélagið og hafa reglulega fundi með félaginu og koma markvissri vinnu af stað	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri	Sept 2022	Júní 2023	Matsfundur 2023	Fundir haldnir reglulega 1-2 á hvorri önn
Uppeldis- og menntastarf							
Leikefni	Nýta leikefni sem við eigum betur	Taka fram hljóðfæri, sögugrunn, loðtöflusögu, málörvunarefni og fleira sem til er. Kynna okkur efnið sem við eigum	Allir starfsmenn	Sept 2022	Júní 2023	Matsfundur feb 2023	Leikefni sem til er sé betur nýtt en það er í dag.
Málörvun	Að málörvun fari meira inn í deildarstarfið	Sérkennslustóri fari inn á allar deildir og gefi starfsmönnum ráð	Sérkennslustjóri, kennarar og deildarstjórar	Sept 2022	Júní 2023	Matsfundur 2023	Málörvun verði markvisst unnin á deildum



Málörvun	Vantar meira af aðgengilegu efni	Útbúnir verða fleiri verkefnasara sem starfsfólk getur gripið með sér í hópastarf og samverustun dir	Sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólas tjóri	Sept 2022	Júní 2023	Matsfundur 2023	Fleiri verkefnapokar verði tilbúnir og starfsfólk nýti þá í starfi með börnunum
Mannauður/ Leikskólabragur							
Umhverfismennt	Vinna markvissara að umhverfismennt inni	Grænfánafundur markvissir og oftast. Fara yfir hvað við getum gert betur	Allt starfsfólk	Sept 2022	Júní 2023	Matsfundur 2023	Vitund um umhverfismennt markvissari og þátttaka allra meiri. Stefna á að fá 5. grænfánann afhentann í nóvember 2022.
Frágangur og eftirlit á útisvæði	Allir hjálpist að við tiltekt á útisvæði. Starfsfólk virkara á útisvæði og hvetji börnin í leik og starfi úti	Fylgja skipulagi á útisvæði betur. Fylgjast með umferð í gegnum hlið í garðinum	Allt starfsfólk	Sept 2022	Júní 2023	Matsfundur 2023	Aukin virkni starfsfólks í útiveru og tiltekt í útiveru verði skemmtilegur leikur.
Innra mat							
Deildarfundir	Festa skipulag fyrir deildarfundir	Setja niður fastan tíma fyrir deildarfundir og láta þá ekki falla niður	Deildarstjórnar og stjórnendur	Sept 2022	Júní 2023	Matsfundur feb 2023	Deildarfundir fastir liðir í vikuplani
Gátlistar og ferlimöppur	Uppfæra og endurskoða	Fara yfir gátlista og ferlimöppur	Stjórnendur með aðkomu alls starfsfólks	Sept 2022	Júní 2023	Matsfundur feb 2023	Gátlistar og ferlimöppur uppfærðar og



	gátlista og ferlimöppur	og lagfæra, taka út og bæta við þar sem þarf					tilbúnað haust 2023
--	-------------------------	--	--	--	--	--	---------------------

3 Innra mat deilda

3.1 Þúfa

Greinargerð frá starfsmönnum Þúfu.

Veturinn 2021-2022 voru 16 börn á Þúfu, 7 stúlkur og 9 drengir. Fjögur börn voru fædd 2020 og 12 börn voru fædd 2019.

Söngstund/samverustund/hópastarf: Börnin eru í skipulagðri samverustund á hverjum degi frá 11:25-11:45. Þar er lesin saga, farið yfir hugtök, börnin telja og mjög fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar. Börnin sitja og hlusta af miklum áhuga. Einnig erum við dugleg að skipta þeim í litla hópa og nýtum við þá plássin vel í leikskólanum. Lubbastund er á hverjum þriðjudegi og Vináttuþjálfun á föstudögum. Í samverustundum lærum við að telja og klökkum atkvæði.

Hreyfistund: Allir fara einu sinni í viku í hreyfistund í salinn. Þar setjum við upp þrautabraut, förum í hreyfileiki og hringleiki og æfum okkur í hinum ýmsu æfingum.

Kubbastofa: Einn dag í viku hefur hver deild aðgang að kubbastofu sem er eitt af vinsælustu svæðum leikskólans. Þar erum við að leika með/byggja úr stórum mjúkum svampkubbum. Stundum erum við líka með búninga, slæður, bolta og fleira.

Söngstund í sal: Einu sinni í viku hittast öll börn leikskólans í salnum og syngja saman. Þessar stundir skipuleggur starfsfólk leikskólans og skiptast deildarnar á að sjá um söngsalinn. Sú deild sem sér um salinn útbýr boðskort og fer með á allar deildir skólans og þar koma einnig fram þau lög sem á að syngja í salnum og börnin á deildinni hafa tekið þátt í að velja. Stundum eru deildarnar með uppákomu í salnum.

Lubbi: Við munum vinna með Lubba næsta haust þar sem okkur finnst börnin orðin móttækilegri núna þar sem þau eru búin að læra að sitja og hlusta. Við byrjuðum strax í haust að vinna með Lubba og gafst það mjög vel. Flest börnin þekkja flestu máhljóðin.

Ávaxtastund: Börnin setjast niður 9:15 til borðs, drekka vatn og borða ávexti. Á meðan er hlustað á sögu eða tónlist. Börnin fá oft að biðja um óskalög.

Matmálstímar: Við höfum lagt áherslu á að kenna börnunum að borða og smakka nýjan mat. Þannig læra börnin smátt og smátt að venjast nýju bragði. Einnig leggjum við áherslu á að börnin borði snyrtilega og noti skeið eða gaffal. Þegar við erum búin að borða förum við yfir heitin á matnum sem við borðuðum og þökkum fyrir matinn. Við leggjum mikla áherslu á að borða í ró og næði og að matmálstíminn sé þægileg stund.

Blær: Við höfum lagt mikla áherslu á að vinna með Blæ og höfum við unnið með hann í samverustund á föstudögum. Öll börnin eiga sinn bangsa og eru þeir merktir hverju barni. Sú vinna hefur skilað sér mjög vel í samskiptum hjá börnunum.

Útivera: Við leggjum mikla áherslu á að allir fari út daglega. Þar notum við allt útisvæðið og eflum við þannig grófhreyfiproska barnanna.

Frjáls leikur: Frjáls leikur er stór þáttur í starfi með yngstu börnunum og leggjum við áherslu á hann. Þar læra börnin að leika saman, deila, skiptast á, setja sér mörk og virða mörk annarra.

Ferðir: Við reynum að vera duglegar að fara í gönguferðir í nágrenni leikskólans á vorin og haustin.

Endurmat fyrir skólaárið 2021 – 2022

Þar sem Þúfa er yngsta deild leikskólans byrja yfirleitt mörg börn þar á hverju hausti og aðlögun barnanna tekur sinn tíma. Aðlögunin gekk mjög vel til að byrja með en svo bættust við börn sem áttu erfiðara með aðlögun. Þrátt fyrir það þá hélst okkar skipulagða starf og datt aldrei út.

Jólaundirbúningurinn hófst um miðjan nóvember og gekk mjög vel. Í desember var svo unnið með jólin og allt sem þeim fylgir.

Það sem stendur upp úr eftir þennan Covid vetur er hvað starfsfólk vann vel saman og skilaði það góðri vinnu á deildinni og til barnanna. Bæði börn, foreldrar og starfsfólk eru mjög ánægð eftir veturinn og létu ekki faraldurinn hafa mikil áhrif á starfið.

Unnið er eftir skýrum ramma og er einkennandi hvað starfsfólk vinnur vel eftir skipulaginu. Allt starfsfólk nálgast börnin af hlýju og festu og eru börnin fljót að vita til hvers er ætlast af þeim.

Dagskipulagið sem starfsfólk vinnur eftir er skýrt og vita allir hvar þeir eiga að vera og hvað þeir eiga að gera hverju sinni.

Vel gekk að fá hugmyndir frá foreldrum og foreldrar tóku virkan þátt í foreldrafundi og foreldraviðtölum og komu með góðar hugmyndir sem voru nýttar í starfinu með börnunum.

Lubbastundir komu fastar inn í dagskipulagið á þriðjudögum. Auk þess fléttum við kennslu á málhljóðum inn í daglegar athafnir. Við notum tákni með tali mikið, t.d. í söng.

Við eflum sjálfshjálpi barnanna með því að hvetja börnin til að hjálpa hvoru öðru úr og í fót í fatastofu. Kennarar reyna að hjálpa sem minnst sem líði því að gera börnin sjálfstæðari.

Ekki tókst að fara í gönguferðir 1x í mánuði eins og stefnt hafði verið að og verðum þeim þætti haldið inni í umbótaáætlun deildarinnar fyrir næsta starfsár.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Gönguferðir	Fara oftari í gönguferðir	Setja gönguferðir inn í mánaðarskipulag	Deildarstjórn	Ágúst 2022	Júní 2023	Endurmat á deildarfundum	Fara í gönguferð einu sinni í mánuði

3.2 Laut

Veturinn 2020 – 2021 voru 18 börn, fimm börn fædd árið 2018 og 13 börn fædd árið 2019.

Við fórum yfir þá umbótaþætti sem þurfti að vinna með en náðum því miður ekki að vinna með þá alla þar sem upp komu langtímaveikindi hjá kennurum á deildinni.

Áherslupættir komandi vetrar verða áfram með svipuðum hætti.

Það sem við á Laut ætlum að vinna með í vetur er að vinna með Lubba einu sinni í viku þar sem unnið er með málhljóð vikunnar hverju sinni. Það er margt sem við nýtum okkur þegar við erum að vinna með Lubba, má þar nefna Lubba bókina, tónlist sem fylgir bókinni og málhljóðakassa sem við erum búin að útbúa sem innihalda hluti sem byrja á málhljóðinu sem er verið að vinna með hverju sinni.

Einnig ætlum við að vinna með Blæ einu sinni í viku þar sem við vinnum með vináttuna. Hvert og eitt barn á sinn eigin Blæ bangsa og fá þau að hafa hann hjá sér í hverri stund.

Við á Laut höfum verið að styðjast við Hópahefti sem er endurnýjað á hverju hausti þar sem unnið er markvisst með þema hvers mánaðar eins og t.d. litirnir og listsköpun.

Málörvun fer fram í öllu daglegu starfi, má þar nefna í fataklefanum, við matarborðið og í daglegum samskiptum við börnin.

Samverustundir: þar fer einnig fram mikil málörvun þar sem verið er að leggja inn ný orð með sögum, oftast loðtöflusögur og söng. Við erum með nýtt lag vikunnar í hverri viku ásamt því að vera með þulu mánaðarins.

Við á Laut leggjum upp með það að öll börnin fari út einu sinni á dag.

Það sem við viljum vinna markvisst með er að kenna þeim að vera í leikskóla og læra um daglegt líf, þar sem þau læra svo margt í gegnum leikinn og einnig að vera vinir og leika við hvort annað.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útivera, gönguferðir	Fara mark- visst einu sinni á dag í útiveru. Kynnast nær- umhverfinu betur í göngu- ferðum	Útivera í dag- skipulagi. Skipulagðar, stuttar gönguferðir utan lóðar þegar aðlögun lýkur. Lengja eftir áhuga barnanna.	Deildarstjóri og kennarar	Sept 2022 að lokinni aðlögun	Mái 2023	Metið á deildar- fundum. Endurmat á matsfundi í janúar 2023	Útivera á hverjum degi. Gönguferðir farnar einu sinni í mánuði.
Markviss samvera	Betri yfirsýn, virk hlustun, jákvæð samskipti, lýðræði	Barnafundur, samveru- stundir 5x í viku	Deildarstjóri og kennarar	Sept 2022	Mái 2023	Metið á deildar- fundum	Samvera á hverjum degi, börnin taka virkan þátt

3.3 Lundur

Greinagerð deildarstjóra

Í vetur voru 21 börn á Lundi, 6 börn fædd 2017 og 15 börn fædd 2018.

Hópastarf var alla daga vikunnar nema föstudaga. Í hópastarfi er lífsleikni, listir, kubbastofa, hreyfing í sal og verkefnavinna fyrir eldri árganginn þar sem farið er í grunnvinnu í bókstöfum/tölustöfum og fl. Útivera er á hverjum degi.



Í Maríuborg vinna allir eftir sama hópahéftinu. Ákveðið þema er í hverjum mánuði. Þar fá börnin að láta ljós sitt skína, koma með hugmyndir og vinna þær. Skráning er bæði skrifleg og myndræn, sem við erum dugleg að færa inn í ferlimöppur barnanna.

Við erum Grænfánaleikskóli og vinnum með umhverfismennt.

Vináttuverkefni Barnaheilla er bangsinn Blær það er þróunarverkefnið okkar sem við höfum unnið að í vetur, eins erum við með Lubba og málbeinið hans, síðan erum við með fasta málörvunarhópa einu sinni í viku.

Niðurstaða endurmats:


Stjörnur, það sem vel er gert:

- Samstarf gengur vel
- Hópastarf gengur vel
- Dagskipulag er gott
- Duglegar að nýta mannauðinn / skipta með okkur verkefnum

Laufblöð, það sem við viljum bæta / vinna að:

- Þurfum að vera markvissari í húsdýrunum og líkaminn minn
- Halda áfram að vinna að málörvun
- Að efla kurteisi og samvinnu meðal barnanna á deildinni

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Auka mál- örvun á deildinni	Hafa mark- vissa málörvun í dagskipulagi. Nota bækur, t.d. Markviss málörvun, Lubbi finnur málbein, Orðagull og Ljáðu mér eyra	Deildarstjóri og hóp- stjórar	Haut 2022	Mái 2023	Metið jafnóðum á deildarfundum og lokamat í maí 2023	Markviss málörvunar- stund fyrir öll börn minnst tvisvar í mánuði



Aukinn orðaforði / þekking	Kenna / ræða um húsdýrin og líkamann	Lesi bækur og gera verkefni	Deildarstjóri og hóp- stjórar	Haust 2022	Maí 2023	Metið jafnóðum á deildarfundum og lokamat í maí 2023	Rætt um / farið yfir í hverjum mánuði, í samveru- stundum og hópa- starfi
Kurteisi	Að efla kurteisi meðal barnanna á deildinni	Vinna í daglegu starfi, samveru- stundum. Áhersla á dygðirnar okkar og notum Blæ til aðstoðar	Deildarstjóri og hópstjórar	Haust 2022	Maí 2023	Metið jafnóðum á deildarfundum og lokamat í maí 2023	Börnin koma fram við alla af kurteisi

3.4 Brekka

Greinagerð deildarstjóra

Skólaárið á Brekku var skemmtilegt, fróðlegt, spennandi, krefjandi og vel skipulagt.

Á Brekku eru 25 börn. Þetta árið erum við með hreinan aldurshóp á deildinni þar sem þau eru öll fædd 2016.

Börnin á Brekku sem við jafnframt köllum skólahóp vinna öll saman í Snillingahefti. Lubbi finnur málbein kemur sterkur inn í það verkefni, kennir börnunum málhljóð einu sinni í viku sem við vinnum svo með. Börnin segja hvaða orð hefjast á þessum staf, vinnum svo stafinn í Snillingaheftinu. Þar er bókstafurinn skrifaður, bæði stór og lítil. Einni höfum við unnið með tölustafi og æfum fínhyfingar. Einni höfum við farið í skólaheimsóknir í skólana í hverfinu, Ingunnarskóla, Sæmundarskóla og Dalskóla. En í ár er það í fyrsta skipti sem Dalskóli tekur á móti börnunum og það heppnaðist mjög vel. Því miður setti Covid strík í reikninginn þannig að heimsóknir og aðrar ferðir voru ekki reglulegar en við náðum að gera þetta eins vel og við gátum með tilliti til aðstæðna í þjóðfélaginu. Skólahópur var einnig að vinna með þemaverkefni eins og síðustu ár hjá okkur. Þá velja börnin sjálf viðfangsefnið og þetta árið voru það húsdýr sem urðu fyrir valinu. Gaman var að sjá hvað börnin voru áhugasöm og hvað verkefnið heppnaðist mjög vel.

Einnig höfum við unnið með hópahefti þar sem ákveðið þema er í hverjum mánuði. Þar er komið inn á litavikur, lífsleikni, fjölskyldu, leikskólann og margt annað skemmtilegt.

Á Brekku fórum við í þær vettvangsferðir sem voru í boði fyrir okkur, t.d. heimsóknir í Húsdýragarðinn og á Sjóminjasafnið. En því miður var það ekki eins oft og við vildum því að Covid skall á aftur og lokaði því á heimsóknir. Í staðinn reyndum við að fara mikið út fyrir garðinn í styttri ferðir. Heimsóttum leikvelli, týndum rusl og skoðuðum það sem hverfið okkar hefur upp á að bjóða.

Við náðum að vinna með alla þá umbótaþætti sem við lögðum upp með. Við náðum að virkja börnin meira inn í starfið, leyfðum þeim að koma með hugmyndir af starfi og leikefni. Fléttuðum því í okkar daglega starf. Einnig fórum við mikið út fyrir garðinn, bæði í vetur og á vormánuðum. Leyfðum þeim því að blómstra í leik út fyrir leikskólann sinn. Við unnum markvisst með litamánuðina, fórum inn í lokaðan skóg sem leikskólinn er svo heppinn að hafa í garðinum. Þar völdu börnin sér tré til að hengja slaufu á í hverjum mánuði í þeim lit sem mánuðurinn átti, sungum lög og/eða lásu bók í lit mánaðarins. Einnig unnum við mikið í málörvun. Börnin voru dugleg að klappa atkvæði og telja hve mörg voru í hverju hljóði. Vorum líka duglega að vinna með rím. Þemaverkefnið okkar þróast alltaf meira og meira með hverju árinu. Tónlistin var líka tekin fyrir þar sem að börnin fengu að kynnast allskonar hljóðfærum og tónlistarstefnum í heiminum. Þemaverkefnið okkar er alltaf að þróast og verða flottara. Í ár voru húsdýrin tekin fyrir og er eitt dýr tekið fyrir í hverri viku. Við fræðumst um það dýr og síðan teiknuðu börnin sína útgáfu af dýrinu og sögðu frá. Við fundum síðan bækur og sögur sem dýrið var í, fundum lög, tónlist og vísur. Enduðum svo vikuna með að horfa á myndbönd af netinu þar sem dýrin voru í hlutverki. Í lok tímabilsins fengu svo börnin að velja dýr sem þau teiknuðu og máluðu á blað. Einnig völdu þau dýr sem þau leiruðu og máluðu. Krummi var einni í stóru hlutverki hjá okkur þetta árið. Við fylgdumst vel með honum í allan vetur. Gáfum honum fjölbreyttan mat, sungum lög, fundum vísur og sögur um hann. Gaman er að segja frá því að Krummi var svo tekinn fyrir í sameiginlegu verkefni sem allir leikskólar hverfisins tóku þátt í fyrir Barnamenningarhátíð. Þar bjuggu börnin til stórt líkan af krumma og börnin máluðu sinn eigin krumma á plexigler.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Vinna markvissara.	Taka aðeins lengra hvert málhljóð fyrir sig.	Deildarstjóri og kennarar	Haut 2022	Vor 2023	Á deildar- fundum	Skráningar myndrænt
Blær	Vinna markviss með hann 1x í viku	Samverustun dir	Deildarstjóri og kennarar	Haut 2022	Vor 2023	Á deildar- fundum	Skráningar hafa Blæ sýnilegan

3.5 Maríustofa

Greinagerð deildarstjóra

Leikur, samskipti og námsgleði eru einkunnarorð og megingildi Maríuborgar, þ.e. leiðarljós okkar í starfi með börnunum.

Maríustofa er deild í litlu húsnæði á lóðinni við Maríuborg. Í Maríustofu voru 10 börn í vetur öll fædd 2017.

Við leggjum áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti við börnin og að það sé hlustað á þau og sjónarmið þeirra virk og leggjum áherslu á að nota orð yfir athafnir.

Við unnum með jákvæðan aga; 1,2,3 töfrar þannig að börnin hafa alltaf val. Við tengjum starfið læsisstefnu, myndræn nöfn barnanna, stafrófið og málhljóð sýnileg. Þrír starfsmenn eru á deildinni og taka þátt í öllu starfi.

Deildarstjóri sér um skráningar verkefna en 3 fara í ferilmöppu og skipulagðar Lubbastundir.

Dagskipulag: Söngstundir eru þrisvar sinnum í viku, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga. Hvert barn hefur sitt sæti þar sem nöfn þeirra eru merkt. Farið er í táknlag mánaðarins og lag vikunnar samkvæmt sönghefti Maríuborgar, auk þess sem við klöppum stundum atkvæði í nöfnum barnanna. Við vinnum með Lubbi finnur málbein, málhljóðin, rím og hlustum á Lubba diskinn. Lubbi er með í þessum stundum og fær hvert barn að bjóða Lubba góðan dag og knúsa hann.



Börnin unnu að verkefnabók 1x í viku ýmis verkefni sem voru tengd stöfunum.

Blær var 1x í viku. Hvert barn á sinn Blæ bangsa og hann á sinn stað í teppinu okkur. Lesin bók um tilfinningar og unnið með verkefni sem fylgja Blæ töskunni.

Útivera: Er á hverjum degi kl. 10:00 – 11:15 ef farið er út fyrir hádegi og útivera er kl. 13:00 – 14:00 eftir hádegi. Yfir sumartímann fara öll börn út tvisvar yfir daginn þegar aðstæður leyfa.

Samverustundir: Eru bæði fyrir og eftir hádegi, þá er lesið fyrir börnin eða sagðar sögur.

Hádegisverður: Hvert barn hefur sitt sæti merkt nafni sínu og einfaldar borðreglur eru myndrænar við hvert borð. Einn starfsmaður situr við borð í eldhúsi og einn starfsmaður situr með börnunum í borðstofu. Samvera er eftir hádegisverð. Klukkan 14:30 fá börnin síðdegishressingu og eftir það er útivera eða frjáls leikur þar til börnin eru sótt.

Umbætur frá síðasta ári:

Vettvangsferðir – börnin fóru í vettvangsferðir síðastliðið haust, að minnsta kosti einu sinni í viku, 4 í hóp með 2 kennurum.

Gæðastundir – börnunum er alltaf skipt í hópa svo að gæðastundirnar séu fleiri.

Niðurstaða endurmats:

Stjörnur – það sem við gerum vel:

- Gekk vel að fylgja eftir hópahefti og sönghefti
- Hópastarf gekk vel
- Blær fékk sínar föstu stundir sem gengu vel

Laufblöð – það sem við viljum bæta:

- Skoða að setja inn tíma þar sem börnin koma meira að mati



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Efla vitsmunabroska	Að börnin fái að koma með sínar hugmyndir og finna út hvað þau hafa áhuga á að vinna með. T.d. eitthvað þemaverkefni fyrir veturinn	Fundur með börnunum, opnar spurningar um viðfangsefni	Deildarstjóri	Haut 2022	Vor 2023	Deildarfundir verða notaðir til að endurmeta starfið, hvað gengur vel og hvað má betur fara	Reglulegir matsfundir hvað gengur vel í starfinu og hvað þarf að skoða betur

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan fer meira og minna fram inná deildum. Í einstaka tilvikum er farið af deild. Notast er við APA skráningar og skráningar Skipulagðar kennslu.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, Hljóm-2, Efi-2, Smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Orðaskil.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Eitthvað var keypt af námsgögnum, listum og aðbúnaði, s.s. styrkja o.þ.h.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Nýta AEPS meira til færnimats	Nýta ákv. kafla óháð því að fylla út allan listann. Útbúa einstaklingsáætlun	Sérkennslustjóri og stuðningur	Sep 2022	Júní 2023	Fyllt út gátlista. Endurmat unnið á 3ra mán. fresti	Listinn yfirfarinn, framfarir metnar. Ný markmið sett inn ef markmiði er náð
	Reglulegir fundir með stuðningsaðilum	Funda á 3ja vikna fresti	Sérkennslustjóri	Sep 2022	Júní 2023	Ritaðar fundargerðir	Ná 13 af 15 fundum

5. Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keypt eru gögn, svo sem spil og annar búnaður sem ætlaður er til málörvunar.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Lubbi er fastur liður í leikskólastarfinu og unnið með málhljóðin markvisst. Leikskólinn er þáttakandi í þróunarverkefninu „Orð eru til alls fyrst“ í tengslum við það er ábyrgðarmaður málörvunar inn á hverri deild sem heldur

	utan um efnivið og fræðslu sem unnið er með.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, lagt er upp úr því að einfalda ekki texta, heldur útskýra orðin. Þá eru Lubbastundir nýttar, sem og Blær.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Með gátlistum, s.s. Orðaskil, Efi-2, Hljóm-2. Þá höfum við einnig kynnt okkur hæfniramma frá Menntamálastofnun og ætlum að nýta þá í starfi.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, huga mætti þó betur að því að nýta tilfinningastiku með börnunum og að myndrænt skipulag sé lifandi plagg. Þá er unnið með tvítyngdum börnum í málörvun.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
	Sitja teymisfund með tengilið málörvun á hverri deild	Hæfniramma Menntamála- stofnunar	Sérkennslu -stjóri/ tengiliðir	Sept 2022	Júní 2023	Fundargerðir	Ná að halda a.m.k. 13 af 15 fundum

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í júní 2022. Aðstoðarleikskólastjóri tók samtölin við hvern og einn.

Almennt um starfið: Þessi vetur hefur verið mjög krefjandi en hefur einkennst af mikilli samvinnu.

Álag hefur verið meira en oft áður sérstaklega þegar veikindi voru mikil. Gott samstarf á deildum og á milli deilda.

Hvað hefur gengið vel: Það hefur gengið vel að vinna markvisst með Lubba og Blæ. Upplýsingaflæði í leikskólanum hefur verið gott. Vinnustyttingin hefur gengið vel og starfsfólk talar um að samvinna hafi aukist í kjölfarið. Meiri samvinna er á milli deilda en hefur verið. Nýir starfsmenn tala um að vel sé tekið á móti þeim og það sé góður starfsandi í Maríuborg.

Hvað má betur fara: Það hefur verið mikið álag í starfinu vegna veikinda starfsfólks sérstaklega eftir áramót og fram í mars/apríl. Það hefur ekki tekist að hafa deildarfundina reglulega, það er markmið okkar að festa þá niður í skipulag deildanna fyrir næsta vetur. Á einhverjum deildum hafa starfsmenn ekki komist í undirbúning og finna þarf lausn á því með samvinnu og samstarfi og betri skipulagningu. Fara þarf yfir skipulag í útiveru – hvetja þarf börn og starfsfólk að hjálpast að með tiltekt að lokinni útiveru og fara yfir svæðaskiptingu í útiverunni þannig að allir starfsmenn séu betur meðvitaðir um hvaða svæði tilheyri hverri deild.

Starfsþróun: Starfsmenn óska eftir margvíslegri fræðslu og námskeiðum. Sem dæmi má nefna, tónlist, hreyfingu, breytingaskeiðið, fyrirlestur um kynferðisofbeldi, kvíða barna, listir, fræðslu um ADHD, samskipti, hópefli eða eitthvað sem hristir hópinn saman, hláturjoga og fræðslu um barnavernd.

Starfsaðstæður: Starfsfólk er almennt mjög ánægt með starfsaðstæður í leikskólanum. Það er gott og fjölbreytt leikefni í leikskólanum og góður aðbúnaður starfsfólks. Hljóðvist mætti vera betri og það þarf að kanna betur.

Líðan í starfi: Líðan starfsfólks er góð í heildina. Starfsfólk talaði um að þessi vetur hafi verið erfiður hvað varðar álag í starfi. Ánægja í starfi er mikil og flestum hlakkar til að koma til vinnu á hverjum degi. Einhverjir finna fyrir þreytu eftir daginn. Nýtt starfsfólk talar um aukið öryggi og sjálfstraust í starfinu.

Samskipti: Samskipti eru góð, það er gott andrúmsloft í húsinu. Samskipti ganga vel á deildum og milli deilda. Starfsfólk er samviskusamt og hjálplegt við hvort annað. Starfsfólki finnst vera hlustað á sig og finnst auðvelt að koma fram með hugmyndir sínar.

Símenntun fór fram í formi fyrirlestra og námskeiða á skipulagsdögum. Minna var um að starfsfólk sækti námskeið utan leikskólans einkum vegna þess að ekki var eins mikið framboð á námskeiðum og fyrirlestrum fyrri hluta skólaársins. Við nýttum skipulagsdaga vetrarins til fræðslu, endurmats og undirbúnings fyrir starfið okkar. Fyrsti skipulagsdagur var 20. ágúst 2021, þann dag nýttum við til að endurmeta ferlimöppur og gátlista, þar komu allir starfsmenn leikskólans að verkefninu. Eins var hluti dagsins notaður fyrir deildarfundir og skipulagningu vetrarstarfsins. Næsti skipulagsdagur var 25.

október. Þá fengum við til okkar námskeið um skyndihjálþ sem var mjög fróðlegt. Þann 26. nóvember fengum við fyrirlestur um einhverfu frá Einhverfusamtökunum. Skipulagsdagurinn 18. febrúar var notaður í endurmat þar sem við notuðum „stjörnu- og laufblaðamat“ til að endurmeta starfið okkar. Í maí fengum við til okkar fyrirlesturinn „Húmor virkar“ og 8. og 9. júní fórum við í námsferð norður til Akureyrar. Þar heimsóttum við 3 leikskóla og fengum fræðslu um læsi, útikennslu og jákvæðan aga. Einn starfsmaður sótti byrjenda og framhaldsnámskeið í Pecs. Þrír starfsmenn sóttu námskeið í Exel sem var í boði

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Ingunnarskóli er hverfisskóli Maríuborgar auk þess sem alltaf eru einhver börn sem fara í Sæmundarskóla og Dalskóla frá okkur. Við erum í nánú samstarfi við Ingunnarskóla og Sæmundarskóla og fyrsta sinn fórum við í heimsókn í Dalskóla og vonum við að það samstarf haldi áfram hvað varðar námsáherslur og samstarf um að brúa bilið milli skólastiganna. Meginmarkmið samstarfsins er að auðvelda aðlögun og ánægju barnanna, stuðla að öryggi þeirra í nýjum aðstæðum og farsælli samfellu í námi þeirra.

Sameiginleg læsisstefna Ingunnarskóla og Maríuborgar var gefin út árið 2014. Þar koma fram markmið skólanna beggja til eflingar læsis, málþroska, skilnings og orðaforða. Elstu börn leikskólans vinna allan seinasta veturinn verkefni í svokölluðu Snillingahefti sem miðar að því að byggja sterkan grunn læsis og talnaskilnings. Verkefni þessi eru sett saman og útfærð í samvinnu við kennara yngsta stigs Ingunnarskóla.

Skólaárið 2015 – 2016 fór fram mikil þróun í starfi elstu barna Maríuborgar þar sem unnið var enn dýpra en áður með læsisstefnu skólans og stærðfræðinám. Helsta markmiðið var að auka við og dýpka verkefni Snillingaheftisins. Gekk það verkefni vonum framár og búum við vel að því sterka námsefni sem varð til þann vetur en einnig höfum við þróað það enn frekar í samvinnu við kennara Ingunnarskóla.

Á vorönn eru haldnir skilafundir þar sem leikskólakennarar segja frá því helsta um barnahópinn, grunnskólakennarar fá niðurstöður Hljóm-2 prófa sem gerð eru á öllum börnum leikskólans sem og sérþarfir einstakra barna. Þá er einnig samstarf liðins vetrar endurmetið.

Heimsóknir milli skólanna eru tíðar yfir veturinn, en markmiðið með heimsóknunum er að börnin verði örugg í nýju umhverfi, kynnist kennurum, sjái aðstæður, kynnist helstu reglum og rati um skólann. Einu sinni í mánuði er farið í kennslustund í heimastofu 1. bekkjar og fá þá börnin verkefnahefti sem þau vinna með allan veturinn (samræmt við Snillingaheftið), leika með leikefni og



kynnast helstu kennslugögnum, fara í tölvur og á bókasafnið. Einu sinni á önn er farið í söngsal með öllum börnum skólans og í maí fara börnin ásamt foreldrum sínum í heimsókn í Stjörnuland, sem er frístundaheimili Ingunnarskóla. Þar er starfsemi frístundarinnar kynnt, aðstæður skoðaðar og börnin fá að leika sér. Eftir heimsóknina í Stjörnuland fá börnin að borða í matsal Ingunnarskóla. Einnig var börnunum boðið í heimsókn í Fjósið frístundina hjá Sæmundarskóla ásamt því að vera boðið í hádegisverð þar og í frístundina hjá Dalskóla.

Oft á tíðum höfum við haft aðgang fyrir elstu börnin að íþróttasal Ingunnarskóla og höfum við nýtt það til að fara í meira krefjandi íþróttaleiki og æfingar. Eins höfum við séð að börnin verða öruggari við mót skólastiga þegar þau þekkja umhverfið svo vel. Því miður hefur salurinn verið svo þéttsetinn af hinum ýmsu íþróttæfingum að við höfum ekki komist að þennan vetur, en Fram hefur fengið aðstöðu í salnum fyrir sínar æfingar. Vonumst við til þess að geta aftur komist að, sérstaklega þegar styttest í að Fram fái sína aðstöðu í Úlfarsárdal. Þangað til nýtum við þær aðstæður sem við höfum, salinn okkar, lóðina og fjölbreytt umhverfið.

8 Foreldrasamvinna

Í Maríuborg er mikið lagt upp úr góðum samskiptum og samstarfi heimilis og skóla. Sérstök áhersla er á dagleg samskipti kennara og foreldra um allt sem viðkemur barninu og eru allir stjórnendur skólans ætíð til viðtals.

Foreldraráð Maríuborgar er að öllu jöfnu skipað af þremur foreldrum auk leikskólastjóra. Kosið er í foreldraráð að hausti, á foreldrafundum. Foreldraráð er í reglulegum tölvupóstsamskiptum um framgang leiksólastarfsins og fundar eftir þörfum um stærri mál er varða starfið. Þetta starfsár hefur ekki verið mikið um að vera í foreldraráðinu og markmið okkar er að vinna markvissara starf með foreldraráðinu næsta skólaár.

Foreldrafundur/viðtöl eru haldnir tvisvar á ári. Á haustönn er einstaklingsáætlun unnin í samráði við foreldra og á vorönn eru niðurstöður gátlista kynntar foreldrum og rætt um almenna stöðu barnsins. Foreldrafundur á þessu starfsári voru í nóvember á haustönninni og í maí á vorönninni.

Foreldrafélag er starfrækt við leikskólann. Það er skipað átta foreldrum, einum til tveim af hverri deild, auk leikskólastjóra. Hlutverk foreldrafélagsins er að auðga og bæta við starf og skemmtun barnanna, t.a.m. með því að bjóða upp á jólaskemmtun, sveitaferð og leiktæki eða skemmtiatriði á sumarhátíð. Þá hefur foreldrafélagið einnig fært leikskólanum ýmsar gjafir, s.s. hljóðfæri, myndavélar og annað sem þarf til kennslunnar og starfsins í skólanum. Starfsemi foreldrafélagsins lá niðri



síðastliðið skólaár m.a. vegna þess að illa gekk að fá foreldra til starfa í félaginu. Markmið okkar er að ná góðu og virku starfi í foreldrafélaginu næsta skólaár.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar næsta skólaárs verða sex talsins. Í byrjun september verður skipulagsdagur þar sem við fáum fyrirlestur sem heitir Framtíð menntamála en markmiðið með honum er að hrista aðeins upp í starfsfólkinu og hlægja saman. Auk þess munum við skipuleggja vetrarstarfið þennan dag. Í lok nóvember er hugmynd að fá fyrirlestur um breytingaskeið kvenna sem er mjög áhugaverður fyrirlestur sem stjórnendur fengu fyrr í vetur og er mjög áhugaverður á margar hátt og passar vel inn í starfsmannahópinn í leikskólanum. Í byrjun febrúar verður svo stóri matsdagurinn okkar þar sem verður farið í endurmat og farið yfir umbótaáætlun leikskólans. Í lok mars er ætlunin að fá til okkar fyrirlestur/námskeið um hreyfingu eða tónlist með börnum. Tveir dagar í maí eru svo ætlaðir til að fara í námsferð til Póllands þar sem leikskólar verða heimsóttir. Dagskrá skipulagsdaganna er sett niður út frá þeim óskum sem komu fram í starfsþróunarsamtölunum. Sameiginlegir skipulagsdagar með Ingunnarskóla eru 25. nóvember, 20. mars og 19. maí. Þeir eru stjörnumerktir á skóladagatalinu. Helstu hefðir og viðburðir sem hafa fest sig í sessi í Maríuborg munu einnig eiga sinn stað skólaárið 2022-2023. Má þar nefna litamánuði sem tengjast því þema sem unnið er með í hópahéftum, en einnig ýmsum átökum í þjóðfélaginu líkt og Bleika slaufan í október sem er bleikur mánuður hjá okkur. Þá verður fjölskyldukaffi í kringum afmæli leikskólans í nóvember og ömmu- og afakaffi í tengslum við þorran. Að sjálfsögðu höldum við upp á íslenskar hátíðir eins og jól og páska. Sjá má skóladagatal Maríuborgar 2022-2023 í fylgiskjali 2.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

10.2 Fylgiskjal 2 – Leikskóladagatal 2022 - 2023

F. h. leikskólans Maríuborgar

Edda S. Jóhannsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

27.06.2022

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2022 – 2023 **Mariuborg**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Aðalheiður Kristinsdóttir
Anna Svavarsdóttir
Áslaug Karen Jóhannsdóttir
Katrín Ósk Stefánsdóttir
María Hrafnisdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Síðastliðinn vetur einkendist af takmörkunum vegna Covid 19 fyrir áramót og veikindum hjá starfsfólki og börnum leikskólans eftir áramótin. Starfsfólk Maríuborgar hélt starfseminni gangandi með lágmarks röskun þrátt fyrir erfiðar og krefjandi aðstæður. Athygli vekur starfsánægjan á Maríuborg þrátt fyrir mikið álag og vilji allra til samvinnu svo allt geti gengið sem best upp. Á starfsfólk Maríuborgar hrós skilið fyrir það.

Foreldraráð Maríuborgar hefur farið yfir og samþykkt starfsáætlun og skóladagatal leikskólans fyrir skólaárið 2022-2023. Í áætluninni er greinagerð um starf síðasta árs, farið yfir niðurstöðu úr innra og ytra mati leikskólans og sett fram umbótaáætlun fyrir skólaárið 2022-2023. Ljóst er að starfsemi allra deilda leikskólans er svipuð og að metnaðarfullt starf er unnið með börnunum alla daga vikunnar.

Foreldraráð Maríuborgar,

Aðalheiður Kristinsdóttir
Anna Svavarsdóttir
Áslaug Karen Jóhannsdóttir
Katrín Ósk Stefánsdóttir
María Hrafnisdóttir



Fylgiskjal 2

Samband íslenskra sveitarfélaga

Nafn skóla: Maríuborg

Leikskóladagatal 2022 - 2023

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚN	JÚLÍ
1 Mírdaga venkunnanna	1 F Ágústuguturinn	1 L	1 Þ Þingdagsmaður	1 F Húsdagurinn	1 S Nýársdagur	1 M Hólmannaður	1 M Barmennur	1 L	1 M Vaskýsdagurinn	1 F	1 L
2 Þ	2 F Skýldagsdagur	2 S	2 M	2 F Þóðurinn	2 M Samrinnur	2 F	2 F	2 S Þóðurinn	2 Þ Samrinnur	2 F Rugldagur	2 S
3 M	3 L	3 Mírdaga	3 F	3 L	3 Þ	3 F Skýldagsdagur	3 F	3 M Gullrinnur	3 M	3 L	3 M
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Skýldagsdagurinn	4 Þ
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Samrinnurinnur	6 M Dagurinn	6 M	6 F Skýldagur	6 L	6 Þ	6 F
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ Dagurinn	7 Þ	7 F Þóðurinn	7 S	7 M	7 F
8 M	8 F Dagurinn	8 L	8 Þ Þóðurinn	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ Þóðurinn	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S Þóðurinn	9 Þ	9 F	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M Átturinn	10 M	10 L	10 M
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L Dagurinn	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F
14 S	14 M	14 F	14 M Þóðurinn	14 M Adventkaffi	14 L	14 Þ	14 Þ Dagurinn	14 F	14 S	14 M	14 F
15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ	16 F Dagurinn	16 S	16 M Dagurinn	16 F Þóðurinn	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 M	17 M Skýldagsdagur	17 L Þóðurinn	17 M
18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ Þóðurinn	18 F Þóðurinn	18 S	18 Þ
19 F	19 M	19 L	19 L	19 M	19 F	19 S Skýldagur	19 S	19 M Þóðurinn	19 F Skýldagsdagur	19 M	19 M
20 L	20 Þ	20 F Þóðurinn	20 S Dagurinn	20 Þ Þóðurinn	20 F Átturinn	20 M	20 M Skýldagsdagur	20 F Skýldagsdagurinn	20 L	20 Þ	20 F
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ Skýldagur	21 Þ	21 F Þóðurinn	21 S	21 M	21 F
22 M	22 F	22 L Þóðurinn	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F Þóðurinn	23 M	23 F	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L Átturinn	24 Þ	24 F Hólmannaðurinn	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M
25 F	25 S	25 Þ	25 F Skýldagsdagur	25 S Skýldagur	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ
26 F	26 M Skýldagsdagurinn	26 M	26 L	26 M Átturinn	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F Samrinnurinnur	26 M	26 M
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F Gullrinnur	28 S Hólmannaðurinn	28 M	28 F
29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M Átturinn	29 F	29 L
30 Þ	30 F Ágústuguturinn	30 S	30 M	30 F	30 M	30 L	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S
31 M		31 M		31 L Gullrinnur	31 Þ		31 F		31 M		31 M

